



FRÁ RITSTJÓRA

Arnar Ingi Ingvarsson

Það er mikið fagnaðarefni að 8. árgangur Timarits Lögréttu sé nú orðinn að veruleika. Timarit Lögréttu hefur náð að festa sig í sessi sem virðulegt fræðirit á sviði lögfræðinnar. Í timaritinu hafa frá upphafi birst ritrýndar fræðigreinar og hefur ritið vaxið jafnt og þétt sem eftirsóknarverður vettvangur fyrir lögfróða greinarhöfundu.

Gaman er að segja frá því að í dag er í gangi samstarfsverkefni með rafræna útgáfu af ritinu með stuðningi lagadeildar og bókasafns Háskólans í Reykjavík. Þannig hafa nemendur og starfsfólk lagadeildarinnar aðgang að öllum árgöngum timaritsins á rafrænu formi á veraldarvefnum og er það von undirritaðs að um sé að ræða fyrsta skrefið í þá átt að unnt verði að bjóða áskrifendum ritið til sölu á rafrænu formi. Með þessu framtaki vill ritstjórn fylgja kröfum nútímans og er vonandi að það mælist vel fyrir. Fyrsta greinin í blaðinu nú er eftir Aðalstein Egil Jónasson hrl. hjá LEX lögmannsstofu og fjallar hún um yfirtökur samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Um er að ræða seinni hluta greinar sem birtist í Timariti Lögréttu, 2. hefti 6. árgangs árið 2009 en Aðalsteinn hefur skipað sér í flokk helstu fræðimanna landsins á sviði verðbréfamarkaðsréttar á undanfönum árum. Í greininni sem hér birtist fjallar Aðalsteinn um hvaða reglur gilda um yfirtökutilboðið sjálft. Þar koma til athugunar reglur um verð og greiðsluskilmála sem skylt er að bjóða hluthöfum í yfirtökutilboði en þær reglur eiga að tryggja jafnræði hluthafa við yfirtöku. Þá koma til umfjöllunar svonefnd valfrjáls tilboð en í mars 2009 voru gerðar þýðingamiklar breytingar á lagaákvæðum sem þau snerta. Þá eru reglur um innlausnarrétt, hlutleysisskyldu stjórnar og yfirtökuvarnir allt efnisatriði sem Aðalsteinn tekur til umfjöllunar.

Önnur grein tölublaðsins er eftir Margréti Völu Kristjánsdóttur, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Um er að ræða afar áhugavert viðfangsefni sem er tilkomið vegna þess að einkaaðilum hefur á undanfönum árum

í auknum mæli verið falin framkvæmd opinberra verkefna á grundvelli þjónustusamninga. Margrét veltir upp spurningunni hvort og þá á hvaða grundvelli einkaaðilar eru bundnir af reglum stjórnisýsluréttar gagnvart almennum borgurum sem nýta sér þjónustuna sem leiðir af þjónustusamningum við hið opinbera. Þannig veltir Margrét upp áleitnum spurningum um réttaröryggi þeirra sem nýta þjónustuna og leitar svara. Til glöggvunar fjallar Margrét um álitaeftir á útfra einkaskólum sem setur efnid í gott samhengi.

Þriðja og síðasta greinin í tölublaðinu er eftir Hafstein Dan Kristjánsson, lögfræðing hjá umboðsmanni Alþingis. Greinin fjallar um heimildir stjórnvalda til að taka afstöðu til þess hvort lög samræmist stjórnarskrá en stjórnvöld leysa í vaxandi mæli úr ágreiningi sem snertir líf og hagsmuni almennings. Algengt er að einstaklingar beri fyrir sig að ákvæði stjórnarskrárinnar hafi verið brotin eða jafnvel að lög Alþingis samræmist ekki stjórnarskránni. Hafsteinn veltir upp mjög áleitinni spurningunni um hvort úrlausnaraðilar innan stjórnisýslunnar hafi heimildir eða svigrúm til að taka afstöðu til slíkra álitaefta og geti eftir atvikum ákveðið að láta hjá líða að leggja lög til grundvallar úrlausn sinni, þ.e. að beita ekki lögum á þeirri forsendu að þau samrýmist ekki stjórnarskránni.

Aftast í tölublaðinu má finna konfektmola. Þar er stutt umfjöllun um vel heppnaða mállutningskeppni Lögréttu sem haldin var í fyrsta skipti á síðasta skólaári í nýjum og glæsilegum dómssal Háskólans í Reykjavík. Sett var á svið dómssál milli tveggja líða skipuðum nemendum úr HR og fóru líðin í nákvæmlega gegnum þann feril sem slíkum málum fylgir. Það var samróma álit allra sem að keppninni komu að virkilega vel hafi tekist til og greinilegt að efniviður í framtíðarmálflýtyndur er ekki að skornum skammti í skólanum.

Undirritaður vill enda þennan pistil á að þakka öllum sem komu að útgáfu blaðsins fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir fær Þórdís Kolbrún Reykfjörð ritstjóri 7. árgangs Timarits Lögréttu.